

Mál nr. 54/1999

**M
og
Vátryggingafélagið X v/almennrar slysatryggingar.**

Ágreiningur um réttarstöðu í framhaldi af líkamstjóni þann 19.11. 1998.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 08.03. 1999.
2. Læknisvottorð dags. 01.03. 1999.
3. Bréf sjúkraþjálfara dags. 19.02. 1999.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 18.03. 1999.
5. Tjónstilkynning dags. 15.12. 1998.
6. Áverkavottorð.
7. Vátryggingaskilmálar slysatryggingar.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 120/1999.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var M að vinna að bústörfum, að lyfta kálfi, er hann fékk skyndilega verk í hægri upphandlegg. Í áverkavottorði er þess getið að skoðun hafi sýnt að hann hafi fengið rupturu á löngu sin tvíhöfða vöðvans í hægri upphandlegg.

Vátryggingafélagið vísar til þess að vátryggingin greiði bætur vegna slyss er sá sem vátryggður er verður fyrir. Með orðinu “slys” sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Félagið telur að meiðsl M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar svo sem tilskilið er í vátryggingaskilmálum. Það hafnar bótaábyrgð þar sem ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Læknisvottorð lætur þess m.a. getið að um sinaslit hafi verið að ræða “sem verður við átaksverk hjá bónda, sem er að öðru leyti hraustur, að frátöldum minni háttar slitgigtarónotum. Það verði því að álykta, að umrædd veikindi sjúklingsins séu atvinnutengd.”

M vísar til fyrirbyggjandi gagna þar sem slys sé nánar útskýrt af lækni og sjúkraþjálfara. Hann lætur þess og getið m.a. að þegar hann hafi keypt umrædda vátryggingu hafi honum verið tjáð að vátryggingin næði yfir nánast öll slys sem ekki stöfuðu af sjúklegu ástandi. Það ástand hafi læknir staðfest að er ekki fyrir hendi. Hann telur að hann hafi orðið fyrir slysi.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum fékk M skyndilega verk í hægri upphandlegg er hann lyfti nýfæddum kálfi upp í stúu. Tjónstilkynning getur þess að slysið hafi borið að í vinnutíma og með þeim hætti að M hafi “verið að taka á móti nýfæddum kálfi og koma honum fyrir í stúu”. Með hliðsjón af framanrituðu og vátryggingasviði umræddrar slysatryggingar hefur ekki verið sýnt fram á að líkamsmeiðsl M megí rekja til atburðar sem fellur undir vátryggingasvið tryggingarinnar. Ekki hefur verið sýnt fram á að meiðslin megí rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Vegna þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Það að vátryggður meiðist við það eitt að lyfta hlut hefur ekki verið talið falla undir hugtakið slys í merkingu þeirrar slysatryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð vegna þeirrar slysatryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 6. apríl 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.